Fórnarlömb sólbaðsstofuræningjans óttast um öryggi sitt:

# Sagðist ætla að drepa mig ef ég kjaftaði frá

– segir Ragnheiður Guðjónsdóttir á sólbaðsstofunni

„Ég frétti af þessu í hádeginu í gær og ég hreinlega stirðnaði af hræðslu. Því það síðasta sem hann sagði við mig, þegar hann réðst hér inn á sólbaðsstofuna, var að ef ég hefði samband við lögreglu þá myndi hann drepa mig," sagði Ragnheiður Guðjónsdóttir sem varð fyrir því að Björgvin Ríkharðsson réðst á hana, vopnaður hnífi, á sólbaðsstofu á Laugavegi 9. nóvember síðastliðinn.

„Ég var ein hérna þegar ég frétti af þessu og hringdi strax í eigandann og bað hann að koma og vera hér með mér en hann komst ekki strax svo að ég hringdi í lögregluna og bað um vernd en það reyndist ekki mögulegt. Svo kom eigandinn fljótlega," sagði Ragnheiður.

Hún er mjög óánægð með að hafa ekki verið látin vita af því að Björgvin gengi laus og finnst það reyndar ófyrirgefanlegt því hún hafi alltaf verið samvinnufús þegar mál Björgvins var rannsakað.

„Það virðist vera að menn skynji ekki hve hættulegur hann er. Hann hótaði mér lífláti og ég hef aldrei efast um að hann hafi ekki sagt þetta í alvöru. Þegar þetta gerðist á sólbaðsstofunni náði hann af mér veskinu og þar með öllum skilríkjum þannig að hann veit vel hvar ég á heima. Mér dettur ekki í hug að vera heima og kem til með að vera annars staðar þangað til hann finnst," sagði Ragnheiður.

„Ég hef aldrei verið örugg vitandi af manninum á Litla-Hrauni þar sem fangar geta hreinlega gengið út og tekið strætó í bæinn," sagði önnur kona sem Björgvin réðst á.

Konan er mjög hrædd og efast ekki um að Björgvin sé mjög hættulegur enda sýndi hann það þegar hann réðst á hana sínum tíma. „Ég var dauðhrædd þegar ég frétti af því í hádeginu í gær að hann gengi laus og óttaðist að hann mundi koma og veitast að mér. Þess vegna fór ég til lögreglu og bað um vernd en það reyndist ekki mögulegt og hún ráðlagði mér að fara út af heimili mínu. Núna er ég það óörugg að ég hef ákveðið að fara eftir því sem lögreglan benti mér á og búa annars staðar en heima hjá mér og mun gera það þar til lögreglan hefur náð Björgvini," sagði konan.

-pp

## Vantar skýrar línur um stjórnun og tilkynningar

– segir Friðrik Gunnarsson aðstoðaryfirlögregluþjónn

„Þegar svona á sér stað vantar hreinlega skýrar línur um það hver það er sem tekur að sér stjórnun leitar og sér um samskipti á milli lögregluembætta og reyndar alla framkvæmd," sagði Friðrik Gunnarsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn í Reykjavík, í samtali við DV.

Hann segir að eðlilegast væri að sérstökum hópi þriggja til fjögurra manna væri komið á laggirnar sem í væru aðilar frá Fangelsismálastofnun, RLR og lögreglu. Sá hópur sæi um samræmingu aðgerða. Vandinn við þetta er að RLR er starfandi á landsvísu og valdsvið hennar nær ekki yfir almennu lögregluna. Þannig að það vantar einn aðila til að ná yfir þetta, stjórna þessu og hafa heimild til að segja öðrum fyrir verkum. Friðrik vildi þó taka fram að ekkert væri út á samvinnu þessara aðila að setja í þessu máli.

„Það vantar einnig skýrar reglur um það hver láti fórnarlömb hættulegra fanga, og þá sem vitnað hafa gegn þeim við réttarhöld, vita að þeir séu stroknir úr fangelsi. Upplýsingar um þessa aðila eru ekki á einni hendi. Til dæmis eru upplýsingar um Björgvin Þór fyrst og fremst hjá RLR en aðeins hluti þeirra hjá okkur. Þannig að eina skynsemin er að setja á fót blandaðan hóp frá þeim aðilum sem hafa með þessi mál að gera," segir Friðrik.

Jón Sigurðsson, yfirfangavörður á Litla-hrauni segir það reglu hjá fangavörðum við strok fanga að láta foreldra þeirra vita um strokið þannig að þeir þurfi ekki að lesa um það í fjölmiðlum en hins vegar séu engar reglur sem kveði á um að hafa beri samband við aðra einstaklinga.

-pp

## Sósur með hverjum rétti

Regína Thorarensen, DV, Gjögri:

Sjávarréttahlaðborð var á hótelinu á Djúpavík 27.júlí og er það í annað sinn sem hótelið er með slíkt hlaðborð fyrir Árneshreppsbúa. 47 manns mættu í hina heilögu kvöldmáltíð og allir voru ánægðir með þá 15 sjávarrétti sem þar voru bornir fram. Borðuðu af mikilli lyst og ánægju.

Bergþóra matráðskona á hótelinu kynnti réttina og sagði hvaða sósu nota ætti með hverjum rétti. Borðhaldið stóð hátt á þriðju klukkustund og Eva Sigurbjörnsdóttir hótelstýra sagði að þetta væri í annað sinn sem slíkt hlaðborð væri auglýst fyrir hreppsbúa en nokkrum sinnum hafa hópar að sunnan pantað slíkt sjávarréttaborð á ferð um Strandir.

## Bensínstöðvar lokaðar á frídegi verslunarmanna

Allar bensínstöðvar á höfuðborgarsvæðinu verða lokaðar á frídegi verslunarmanna, næstkomandi mánudag. Í dag, föstudag, eru bensínstöðvar opnar til kl. 20; á morgun, laugardag, eru þær opnar frá 7.30 til 20 og á sunnudag frá kl. 9 til 20.

Bensínstöðvar Skeljungs við Öskjuhlíð, við Suðurfell, við Vesturlandsveg og í Hraunbæ verða opnar til hálftólf þessa sömu daga. Sjálfsalar eru víða en kortasjálfsalar eru að Laugavegi 180, Miklubraut norðanmegin og við BSH í Hafnarfirði.

Bensínstöðvar Esso við Lækjargötu í Hafnarf., Lækjartorg og á Ártúnshöfða verða opnar til 23.30 á föstudag, laugardag og sunnudag. Sjálfsalar eru víða um höfuðborgarsvæðið.

Þrjár stöðvar Olís verða opnar til hálftólf ofangreinda daga. Það eru stöðvar við Álfheima, Gullinbrú og Álfabakka. Sjálfsalar eru víða.

## Sundlaugar í Reykjavík

Sundstaðir í Reykjavík verða opnir alla verslunarmannahelgina en á mánudag verður opið eins og á sunnudögum, frá kl. 8 til 18.

## Strætisvagnar á höfuðborgarsvæðinu

Strætisvagnar Reykjavíkur og Almenningsvagnar aka á öllum leiðum á frídegi verslunarmanna samkvæmt áætlun helgidaga. Ferðir hefjast um kl. 10 að morgni mánudags.

## Verslanir almennt lokaðar

Verslanir á höfuðborgarsvæðinu verða almennt lokaðar á mánudeginum, frídegi verslunarmanna. Þó eru á því undantekningar þar sem eigendur vinna sjálfir og eitthvað verður um að verslanir verði opnar sem alla jafna hafa opið á frídögum. Verslunarmiðstöðin Kringlan er opin til 19 í kvöld, föstudag, en matvöruverslun Hagkaups verður opin til 19.30. Allar verslanir í Kringlunni verða lokaðar á laugardag og mánudag.

## Opið í 10–11 yfir helgina


„Það er opið kl. 10–23 alla dagana. Þetta er okkar sérstaða á markaðnum. Við erum með opið og kúnninn getur treyst á okkur. Við lokum bara fimm daga á ári," sagði Eiríkur Sigurðsson, eigandi að 10–11. Opið verður í 10–11 verslununum yfir verslunarmannahelgina.

Í Bónusverslunum er opið til kl. 19.30 í kvöld og 10–16 á morgun, laugardag. Verslanir Hagkaups verða lokaðar laugardag, sunnudag og mánudag.

Menning

# Norrænn textílþríæringur á Kjarvalsstöðum

Norræni textílþríæringurinn á sér nú tæplega tuttugu ára sögu og á laugardag var sjötti þríæringurinn opnaður á Kjarvalsstöðum. Sýningin var í raun opnuð í fyrra, en venjan er að hún fari land úr landi í tvö ár – svo einungis er um árs hlé að ræða frá síðustu sýningu þríærings fram að fyrstu sýningu þess næsta. Beatrijs Sterk, stofnandi evrópsku textílsamtakanna og ritstjóri tímaritsins Textilforum í Hannover, skrifar fróðlega grein í sýningarskrá. Þar segir hún m.a. að á síðustu árum hafi gætt aukinnar áherslu á tilraunir í textíl og viðleitni til að breyta því viðhorfi að textíll eða vefnaður sé nytjalist. Í Hollandi mun hugtakið „sjálfráð" (autonom) list vera notað í auknum mæli um afurðir textíllistamanna. Beatrijs Sterk klykkir þó út með því að láta þá skoðun í ljós í lok greinar sinnar að norrænir textíllistamenn muni verða fyrstir til að yfirvinna þá síðmódernísku hugsun að „allt gangi" og þróa myndmál á nýjan hátt út frá stöðlum eigin hvunndags.



Verk dönsku listakonunnar Grete Brodersen sem er á sýningunni á Kjarvalsstöðum.

### Gamalt og nýtt

Þegar gengið er sýninguna, sem leggur undir sig vestursal Kjarvalsstaða, gluggasal vestanmegin auk miðrýmis, kemur að vísu fram tilhneiging til slíkrar uppstokkunar og skírskotunar í þjóðlegar hefðir gætir einnig, en erfitt er að ráða að hér sé um að ræða nýja dögun í vefnaðarlistinni. Listgreinin virðist t.a.m. enn

## Myndlist

**Ólafur Engilbertsson**

sem komið er eingöngu höfða til kvenna – sýnendur eru 36 talsins og allt konur – og einnig minna mörg verkanna einkennilega mikið á það sem var að gerast í vefnaði fyrir u.þ.b. tuttugu árum; samanber verk norsku listakvennanna Ullu Dammann, Ase Ljones, Marianne Mannsaker og Helle Mellemstrand og hinnar sænsku Gunnel Pettersson. Þarna virðist vera um harla litla endurnýjun eða gerjun að ræða. Aðrar norskar listakonur – en þær eru ásamt þeim sænsku fjölmennastar á sýningunni – sýna mun meiri dirfsku í efnisvali og útfærslu hugmynda. „Gult umhverfis" eftir Beret Aksnes er t.d. velheppnað verk með samtvinnun filts og ullar auk litunar og plíserunar. Inger-Johanne Brautaset blandar saman sellulósa, hör og ull og niðurstaðan minnir einna helst á gúmkennda steypu. Ennfremur vakti athygli mína verk Jeanette Eek Jensen sem er unnið úr límdri og pressaðri bómull og er hengt þannig upp að dagsbirtan skín í gegnum bólstrana.

### Nytjalist með tölvutækni

Þó norsku verkin séu þannig misjöfn virðist textíllinn nú í hvað mestri gerjun á þeim bæ. Verk finnsku listakvennanna Maisu Tikkanen, „Korona" – sem er svört sól unnin úr handgerðu filti og ull – og „Kannski" eftir Riittu Turunen – hnýtt vírnet sem gegnir hlutverki skilrúms í miðrýminu – eru samt sem áður dæmi um að kraftmikla sköpun er einnig að finna þar eystra. Sænskur textíll virðist hins vegar ýmist hallast að nytjalist eða fortíðarhringsóli. Undantekning er hið vel útfærða og skemmtilega seglsaumsverk Kajsu af Petersens, „Svart og rautt faðmlag". Hið fjölskrúðuga verk Irene Agbaje hefur e.t.v. hvað nútímalegast yfirbragð – þar er tölvutækni beitt við gerð síðmódernísks mynsturs. Hin danska Vibeke Riisberg er einnig á tölvugrafískum nótum í sínu verki og er þar enginn eftirbátur samlanda sinna á sýningunni í reglustikunotkun. Íslendingar eiga einn fulltrúa á þríæringnum, Guðrúnu Gunnarsdóttur, og tágaverk hennar skera sig úr fyrir fáfengileika sakir. Það hefði verið leikur einn að finna verðugri verk á sýninguna sem hefðu gefið betri mynd af því sem hér er að gerjast innanlands. Eða er kannski svona lítið að gerast hér? Hvar er nú Textílfélagið?